

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitu í Sveitarfélaginu Vogum.

#### 1. gr.

Af öllum fasteignum í Sveitarfélaginu Vogum sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem fráveitulagnir liggja, skal greiða árlegt fráveitugjald til sveitarfélagsins:

Fráveitugjald, íbúðir, 0,11% af fasteignamati.

Fráveitugjald, atvinnuhúsnæði, 0,11% af fasteignamati.

#### 2. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatta og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

#### 3. gr.

Þinglýstur eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds og er gjaldið tryggt með lögveði í fasteigninni.

#### 4. gr.

Stofngjald fráveitu skal vera ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987 um vísitölu byggingarkostnaðar með síðari breytingum.

Einbýlishús	100%
Rað-, par-, tvíbýlis- og keðjuhús	85%
Fjölbýlishús	50%
Atvinnuhúsnæði	125%

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi, staðfestist hér með samkvæmt 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna með síðari breytingum. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir fráveitu í Sveitarfélaginu Vogum nr. 345/2017.

Samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga 15. desember 2021.

*F.h. Sveitarfélagsins Voga, 29. apríl 2022,*

**Daníel Arason** forstöðumaður stjórnarsýslu.